

Umsögn um 737. þingmál - varðandi: *auðlindatekjur af þjóðlendum og eignarform þeirra*

Allsherjar- og menntamálanefnd er beðin forláts á því, að höfundur þessarar umsagnar átti þess því miður ekki kost að senda umsögn um þingmálið innan frests sem til þess var veittur. Þar sem umfjöllun þingnefndarinnar sýnist yfirstandandi þessa dagana er þess freistað að benda nefndinni á vankanta á frumvarpinu, sem hafa að því er virðist ekki komið fram í umsögnum til nefndarinnar í þingmálinu, en nokkrir hæstaréttarlögmenn og einn kennari í eignarétti hafa reynt að benda á á fyrri stigum.

Hvorutveggja atriðin varða *tekjur af þjóðlendum* en svo sem kunnugt er, þarf leyfi íslenska ríkisins til nýtingar á auðlindum í þjóðlendu, en í frumvarpi sem varð að þjóðlendulögum sagði:

Í þessu frumvarpi er á því byggt að ekki beri að fara með þjóðlendum eins og hefðbundnar eignir ríkisins, svo sem einstakar lóðir eða jarðir, heldur fari ríkið í þessu tilviki með varðveislu og forræði sameiginlegra gæða þjóðarinnar, þó svo að taka verði tillit til hagsmuna þeirra sem þegar hafa áunnið sér réttindi til nytja innan þeirra. Af þessu leiðir að lagt er til að tekjum sem kunna að falla til vegna gjalda (leigu) fyrir afnot lands og landsgæða innan þjóðlendu verði varið sérstaklega í þágu verkefna innan þjóðlendna, en renni ekki í ríkissjóð eða einstaka sveitarsjóði. Þjóðlendum fá með þessu sérstöðu sem um margt svipar til sjálfseignarstofnana. Er þar enn höfð í huga hin sögulega sérstaða þessara landsvæða.

*Fyrri athugasemdin* við frumvarpið varðar þá breytingu á eignaréttarlegri stöðu þjóðlendna sem fælist í frumvarpinu, yrði það að lögum, með því að þjóðlendum hættu endanlega að njóta þeirrar eignaréttarlegu sérstöðu sem þeim var ætlað með setningu þjóðlendulaga.<sup>1</sup>

*Seinna atriðið* varðar gagnsæi við ákvörðun leigugjalds fyrir nýtingu auðlinda í þjóðlendum.

Um þessi atriði var meiri- og minnihluti allsherjar- og menntamálanefndar við meðferð 703. þingmáls á 144. löggjafarþingi sammála að koma þyrfti að við endurskoðun laganna.<sup>2</sup> Frumvörp þau sem forsætisráðherra hefur lagt fyrri þingið síðan hafa þó ekki enn gert það.

Vísað er um ofangreint til heimilda sem tilfærðar eru í neðanmálgreinum við hvora athugasemdina fyrir sig. Þar eð þingnefndin hefur sent Víði Smára Petersen, dósent í eignarétti við Háskóla Íslands beiðni um umsögn um þingmálið ætla ég að nefndin hafi þegar eða hyggist kalla hann á fund sinn vegna a.m.k. fyrra atriðisins sem að ofan greinir. Um sjónarmiðin hef ég sjálf fjallað í tveimur umsögnum á forstigum þingmálsins, í lok liðins árs.<sup>3</sup>

<sup>1</sup> Sjá umsögn Víðis Smára Petersen hrl. á 150. löggjafarþingi 2019–20, 317. mál: [150-701.pdf \(althingi.is\)](#)

<sup>2</sup> Sjá ummæli meirihluta nefndarinnar: ‘**Af hálfu umsagnaraðila var bent á nauðsyn gagnsæis þegar kemur að endurgjaldi fyrir nýtingu á auðlindum innan þjóðlendna og hvernig fjármunum er innheimtast fyrir þá nýtingu er úthlutað. Meiri hlutinn telur að við fyrirhugaða endurskoðun á lögnum sé rétt að framangreind sjónarmið verði höfð að leiðarljósi og þær reglur nái einnig til nýtingar innan þjóðlendna sem sveitarfélög veita leyfi til**’, sbr. umsögn Harðar Einarssonar hrl. á 144. löggjafarþingi 2014-15, 703. mál: [144-2038.pdf \(althingi.is\)](#) og Sífjar Konráðsdóttur, lögfræðings í sama þingmáli: [144-2037.pdf \(althingi.is\)](#).

<sup>3</sup> Umsagnirnar voru veittar með hálfmánaðar millibili í lok síðasta árs, við mál nr. 231/2023 og 241/2023 á samráðsgátt stjórnvalda: [05d55d19-bb83-ee11-9bbf-005056bccc7e \(island.is\)](#) og [9d5ede90-4c92-ee11-9bbf-c0684a7ceece \(island.is\)](#)

Með vísan til alls þessa, hvet ég nefndina að breyta a.m.k. ekki án umræðu endanlega eignarformi þjóðlendra og líta ekki enn á ný framhjá eigin fyrirætlun 2015 um að tryggja gagnsæi við ákvörðun afgjalds fyrir auðlindir í þjóðlendum.

Virðingarfyllt,



Sif Konráðsdóttir, hrl.